

Skólaskrifstofa
Austurlands bs.

Ársreikningur 2017

Skólaskrifstofa Austurlands bs.
Búðareyri 4
730 Fjarðabyggð

Kt. 530596-2309

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Áritun skoðunarmanna	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi frá Vopnafirði í norðri til Djúpavogshrepps í suðri. Nemendur á svæði skrifstofunnar eru um 1500 í 15 grunnskólum og um 600 börn í jafnmörgum leikskólum. Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla.

Starfsemi samlagsins skiptist í tvær deildir, annars vegar A deild - skólamál og hins vegar B deild - málefni fatlaðra.


Á árinu störfuðu 11 starfsmenn í 7 stöðugildum hjá Skólaskrifstofu Austurlands bs.

Rekstrarhalli varð af rekstri Skólaskrifstofu Austurlands bs. á árinu 2017 að fjárhæð 2,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var neikvætt að fjárhæð 22,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands bs. staðfesta hér með ársreikning Skólaskrifstofu Austurlands bs. fyrir árið 2017 með undirritun sinni.


Fjarðabyggð, 23. nóvember 2018

Stjórn:



Handwritten signatures of the board members. The signatures are in blue ink, with one signature in red ink. The names are: Þórunn Þórisdóttir, Þórunn Þórisdóttir, Þórunn Þórisdóttir, Þórunn Þórisdóttir, and Þórunn Þórisdóttir.

Forstöðumaður:



Handwritten signature of the chairman: Sigrún Björn Marinósson.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Skólaskrifstofu Austurlands bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstöðumaður að leggja mat á rekstrarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstöðumanns á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Fjarðabyggð, 23. nóvember 2018

KPMG ehf.



Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Skólaskrifstofu Austurlands bs. höfum yfirfarið ársreikning samlagsins fyrir árið 2017. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Fjarðabyggð, 23. nóvember 2018

Árindur Guðarson
Kristinn Bönnu

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016	Áætlun 2017
Rekstrartekjur:				
Framlög aðildarsveitarfélaga vegna A hluta		61.751.472	54.279.432	61.751.469
Framlög til B deildar vegna málefna fatlaðra		575.798.129	506.577.699	420.000.000
Aðrar tekjur		23.640.342	24.161.955	20.950.000
	3	661.189.943	585.019.086	502.701.469
Rekstrargjöld:				
Framlög vegna málefna fatlaðra		577.052.973	507.697.253	420.000.000
Laun og launatengd gjöld		73.753.671	80.327.628	73.657.469
Annar rekstrarkostnaður		14.994.393	17.483.503	15.044.000
	3	665.801.037	605.508.384	508.701.469
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		(4.611.094)	(20.489.298)	(6.000.000)
Hreinar fjármunatekjur	3	2.325.848	2.102.428	0
Rekstrarniðurstaða ársins	8	(2.285.246)	(18.386.870)	(6.000.000)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Fasteignir.....	2c, 6	3.792.647	3.792.647
Fastafjármunir samtals		<u>3.792.647</u>	<u>3.792.647</u>
Viðskiptakröfur.....		350.000	375.095
Aðrar skammtímakröfur.....		320.039	275.717
Handbært fé		194.874.963	105.001.825
Veltufjármunir samtals		<u>195.545.002</u>	<u>105.652.637</u>
Eignir samtals		<u><u>199.337.649</u></u>	<u><u>109.445.284</u></u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	8	(22.159.346)	(19.874.100)
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding.....	1e, 9	58.213.953	53.808.224
Aðrar skuldbindingar, vörslureikningar.....	11	8.390.533	8.346.481
		<u>66.604.486</u>	<u>62.154.705</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		177.593	1.898.407
Ógreidd framlög vegna málefna fatlaðra.....		148.348.270	62.142.140
Aðrar skammtímaskuldir.....		6.366.646	3.124.132
Skammtímaskuldir samtals		<u>154.892.509</u>	<u>67.164.679</u>
Skuldir samtals		221.496.995	129.319.384
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>199.337.649</u></u>	<u><u>109.445.284</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	8 (2.285.246)	(18.386.870)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting lífeyrisskuldbindingar	9	4.405.729	17.832.203
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>2.120.483</u>	<u>(554.667)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, lækkun	(19.227)	2.451.570
Skammtímaskuldir, (lækkun)		1.521.700	(7.287.260)
Ógreidd framlög vegna málefna fatlaðra, hækkun		86.206.130	11.757.332
Handbært fé frá rekstri		<u>89.829.086</u>	<u>6.366.975</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Aðrar skuldbindingar, breyting	11	44.052	103.948
Hækkun á handbæru fé		<u>89.873.138</u>	<u>6.470.923</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>105.001.825</u>	<u>98.530.902</u>
Handbært fé í árslok		<u>194.874.963</u>	<u>105.001.825</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag sem rekin er í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Hlutverk byggðasamlagsins er að tryggja sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og hafa umsjón með þjónustusamningi um málefni fatlaðra. Skólaskrifstofa Austurlands starfar í tveimur deildum, A deild - skólamála og B deild málefna fatlaðra.

Aðildarsveitarfélög Skólaskrifstofun Austurlands eru, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlaun tekna

Tekjur A deildar vegna framlaga aðildarfélaga samlagsins eru færðar miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur B deildar, vegna framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hlutdeild í útsvari sveitarfélaga, eru færðar til tekna á grundvelli álagningar skatttekna hjá aðilarsveitarfélögum samtalsins. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikninginn þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár

e. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna samlagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli uppreiknings á tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2016. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu, miðað við breytingu á lífeyrísísitölu á árinu 2017 og vexti er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 9.

3. Starfsþáttayfirlit

Skólaskrifstofa Austurlands starfar í tveimur deildum og skiptast verkefni samlagsins í neðangreinda starfsþætti.

	A deild skólamál	B deild málefni fatlaðra	Samtals
2017			
Framlög aðildarsveitarfélaga	61.751.472	90.284.268	152.035.740
Framlög jöfnunarsjóðs	0	502.513.865	502.513.865
Tekjur vegna Umsýslu málefna fatlaðra	17.000.004	(17.000.004)	0
Aðrar tekjur	6.640.338	0	6.640.338
Tekjur samtals	85.391.814	575.798.129	661.189.943
Framlög til félagsþjónustu sveitarfélaga	0	577.052.973	577.052.973
Laun og launatengd gjöld	73.753.671	0	73.753.671
Rekstrarkostnaður	14.994.393	0	14.994.393
Rekstrarkostnaður samtals	88.748.064	577.052.973	665.801.037
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.071.004	1.254.844	2.325.848
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.285.246)	0	(2.285.246)

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit, frh.

	A deild skólamál	B deild málefni fatlaðra	Samtals
2016			
Framlög aðildarsveitarfélaga	54.279.432	102.703.197	156.982.629
Framlög jöfnunarsjóðs	0	419.624.502	419.624.502
Tekjur vegna umsýslu málefna fatlaðra	15.750.000	(15.750.000)	0
Aðrar tekjur	8.411.955	0	8.411.955
Tekjur samtals	<u>78.441.387</u>	<u>506.577.699</u>	<u>585.019.086</u>
Framlög til félagsþjónustu sveitarfélaga	0	507.697.253	507.697.253
Laun og launatengd gjöld	80.327.628	0	80.327.628
Rekstrarkostnaður	17.483.503	0	17.483.503
Rekstrarkostnaður samtals	<u>97.811.131</u>	<u>507.697.253</u>	<u>605.508.384</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	982.874	1.119.554	2.102.428
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>(18.386.870)</u>	<u>0</u>	<u>(18.386.870)</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	52.730.914	49.941.431
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4.405.729	17.832.203
Framlög vegna uppgjör A deildar Brúar Lífeyrissjóðs	3.433.683	0
Launatengd gjöld	<u>13.183.345</u>	<u>12.553.994</u>
	<u>73.753.671</u>	<u>80.327.628</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	8	8

Laun forstöðumanns námu 10,7 millj. kr. á árinu (2016: 10,7 millj. kr.) en ekki er greitt sérstaklega fyrir stjórnarsetu.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur	2.980.127	2.683.933
Vaxtagjöld	(654.279)	(581.505)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>2.325.848</u>	<u>2.102.428</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði
Heildarverð 1.1.2017	<u>37.926.472</u>
Heildarverð 31.12.2017	<u>37.926.472</u>
Afskrifað samtals 1.1.2017	<u>34.133.825</u>
Afskrifað 31.12.2017	<u>34.133.825</u>
Bókfært verð 31.12.2017	3.792.647
Afskriftahlutföll	2,5%
Ætlaður nýtingartími	40 ár

Skýringar, frh.:

7. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat fasteignar nam 59,5 millj. kr. og fasteignarmat nam 18,7 millj. kr. í árslok 2017.

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2017	(19.874.100)
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.285.246)
Eigið fé 31.12.2017	(22.159.346)

9. Lífeyrisskuldbinding

Á Skólaskrifstofu Austurlands hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna samlagsins hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Um er að ræða hlutdeild launagreiðanda sem áætlaður er 50% af áfallinni skuldbindingu í samræmi við ákvæði 33. gr. laga um sjóðinn. Reiknuð hækkan á árinu vegna verðlagsbreytinga og á lífeyrisréttindum er færð í rekstarreikning og til hækkanar á lífeyrisskuldbindingunni. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2017 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2017	53.808.224
Hækkan lífeyrisskuldbindingar 2017, færð yfir rekstur	4.405.729
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2017	58.213.953

10. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tiltók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í lok október 2018 lá fyrir endanlegur útreikningur á framlagi Skólaskrifstofu Austurlands við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 3,4 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð.

11. Skuldbinding vegna vörslureikninga

Á samlaginu hvílir skuldbinding vegna sjóða sem samlagið hefur í vörslu sinni. Um er að ræða tvo sjóði sem Skólaskrifstofa Austurlands tók við af Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á árinu 2011 og skuldbindur sig til að varðveita og ráðstafa fjármunum úr þeim í samræmi við gildandi úthlutunarreglur. Um ráðstöfun og umsýslu beggja sjóða eru í gildi reglur sem staðfestar eru af Félagsmálaráðuneyti, nú Velferðarráðuneyti. Samtals nam skuldbinding samlagsins 8,4 millj. kr. í árlök.

12. Rekstrarleigusamningar

Samlagið hefur gert rekstrarleigusamninga vegna bifreiðar og samningurinn gildir til ársins 2018. Leigugreiðslur ársins námu alls 1,6 millj. kr.

Sundurliðanir

Framlög a hluta greinast þannig:

	2017	2016
Fjarðabyggð	28.359.936	24.549.288
Fljótsdalshérað	22.779.432	20.165.484
Vopnafjarðarhreppur	3.888.060	3.467.184
Seyðisfjarðarkaupstaður	2.698.764	2.311.464
Djúpavogshreppur	2.835.996	2.590.428
Breiðdalshreppur	731.868	637.644
Borgarfjarðarhreppur	274.452	398.532
Fljótsdalshreppur	182.964	159.408
	<u>61.751.472</u>	<u>54.279.432</u>

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2017	2016	Fjárhags- áætlun 2017
Seld önnur þjónusta	17.000.004	15.750.000	17.000.000
Seld þjónusta	4.016.338	3.740.501	3.950.000
Orð og orð	1.500.000	1.547.095	0
Styrkur úr endurmenntunarsjóði	774.000	324.000	0
Húsaleiga	350.000	0	0
Byrjendalæsi	0	2.600.359	0
Styrkur vegna notendaráðs	0	200.000	0
	<u>23.640.342</u>	<u>24.161.955</u>	<u>20.950.000</u>

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2017	2016	Fjárhags- áætlun 2017
Ráðstefnur og námskeið	2.763.081	2.811.689	1.500.000
Tölvur og þjónusta	1.604.101	2.037.311	1.896.000
Rekstrarleiga bifreiða og rekstrarkostnaður	1.869.576	1.760.869	2.640.000
Orð af orði	1.500.000	1.547.095	0
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.364.044	1.317.193	1.680.000
Endurskoðun og bókhald	1.136.968	893.108	1.000.000
Bifreyðastyrkur	921.149	910.287	840.000
Ritföng, pappír og prentun	622.890	507.299	840.000
Síma og farskiptaþjónusta	511.051	410.647	578.000
Fasteignagjöld	506.047	470.700	520.000
Hiti og rafmagn	480.622	567.036	600.000
Ferðakostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu	414.833	405.253	500.000
Annar kostnaður	320.057	202.578	440.000
Rekstrartryggingar	225.113	207.219	350.000
Kaffistofa og hreinlætisvörur	212.100	251.157	240.000
Póstburðargjöld	207.438	199.896	236.000
Tapaðar viðskiptakröfur	200.350	0	0
Auglýsingar	114.840	117.791	180.000
Bækur, blöð og tímarit	90.685	72.666	144.000
Viðhald fasteignar	79.619	44.738	500.000
Kennsluefni	67.180	90.246	144.000
Skrifstofuáhöld	12.999	18.366	80.000
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(230.350)	40.000	0
Byrjendalæsi	0	2.600.359	0
Dagpeningar	0	0	100.000
Flutningskostnaður	0	0	36.000
	<u>14.994.393</u>	<u>17.483.503</u>	<u>15.044.000</u>